

Félagsmálanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. p 117/323
komudagur 10/12 1993

NS
NEYTENDASAMTÖKIN
Skúlagötu 26, 101 Reykjavík
Kt. 480269-0559, Sími 91-625000
Símbref 91-624666
Pósthólf 1096, 121 Reykjavík

8. desember 1993

Reykjavík,

Umsögn um frumvarp til laga um fjöleignarhús.

Neytendasamtökin mæla með samþykki frumvarpsins.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar:

19. gr.

Lagt er til, að við greinina bætist eftirfarandi: Sameigendur njóta sölu og/eða leiguandvirðis sameignar í hlutfalli við eignarrétt sinn.

52. gr.

Eðlilegt er að sömu reglur gildi um skaðabótaábyrgð eigenda og skaðabótaábyrgð húsfélags. Því leggja Neytendasamtökin til að við 3. tl. 52. gr. bætist við eftirfarandi málsliður eins og er að finna í 51. gr.: "Nær bótaskylda skv. 1. mgr. einnig til afleidds tjóns, s.s. afnotamissis."

3. mgr. 55. gr.

Hér væri eðlilegt að tekið yrði fram líkt og í 2. mgr. 55. gr. að skipun húsfélags um brottflutning hins brotlega sé skrifleg og send honum með sannarlegum hætti. Í hinni skriflegu tilkynningu húsfélagsins skal koma fram hvenær brottflutningur skal eiga sér stað.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Sigríður Arnardóttir.